

## **Umsögn dómnefndar vegna Teningsins.**

### **Teningurinn 2026 – Sjöunda orkuverið í Svartsengi**

Teninginn hlýtur HS Orka fyrir uppbyggingu sjöunda orkuversins í Svartsengi.

Framkvæmdin fól í sér uppsetningu nýrrar 55 MW vélasamstæðu í Svartsengi sem jafnframt er stærsti gufuhverfill landsins. Með verkefninu voru tvö eldri orkuver í Svartsengi leyst af hólmi og um leið ráðist í umfangsmiklar endurbætur á búnaði sem tengist bæði raforkuframleiðslu og heitavatnsframleiðslu.

Með orkuveri sjö hefur tekist að auka raforkuframleiðslugetu svæðisins verulega. Með tæknilegum úrbótum og aukinni skilvirkni hefur raforkuframleiðsla verið aukin með betri nýtingu jarðhitaauðlindarinnar. Verkefnið er því mikilvægt framlag til sjálfbærrar nýtingar jarðvarma og aukins orkuöryggis á Íslandi. Virkjunin gegnir jafnframt lykilhlutverki í orku- og hitaveituinnviðum á Reykjanesi og hefur þar með mikla þýðingu fyrir samfélag og atvinnulíf á svæðinu.

Framkvæmdir við orkuverið voru hafnar áður en jarðhræringar hófust á Reykjaneskaga og fóru því að stórum hluta fram á tímum mikilla umbrota og endurtekinna eldgosa á svæðinu. Þrátt fyrir erfiðar aðstæður, tímabundnar lokanir vinnusvæðis og áskoranir vegna gasmengunar tókst að ljúka verkefninu samkvæmt upphaflegri tímaáætlun og undir kostnaðaráætlun með samhentum átaki þeirra fjölmörgu aðila sem komu að framkvæmdinni.

Að verkefninu komu ráðgjafar, verktakar og sérfræðingar úr ólíkum greinum verkfræði. Verkefnið sýnir vel hvernig verkfræðipekking, skipulag og samvinna geta tryggt áframhaldandi uppbyggingu mikilvægra innviða jafnvel á tímum náttúruhamfara. Samvinna þeirra, ásamt reynslu og útsjónarsemi við úrlausn verkefna við krefjandi aðstæður, var lykilatriði í farsælli framkvæmd.

Í uppbyggingu sjöunda orkuversins í Svartsengi kemur saman verkfræðileg þekking, tæknileg nýsköpun og reynsla í nýtingu jarðvarma sem hefur styrkt mikilvæga orkuinnviði á Reykjanesi við krefjandi aðstæður náttúrunnar.